



F U N D A R G E R ð

Fundur í stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf. haldinn 12. júní 2018 kl. 14:30 á skrifstofu SSV í Borgarnesi.

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Karitas Jónsdóttir, Sævar Jónsson, Arnheiður Hjörleifsdóttir, Finnbogi Leifsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir. Sturla Böðvarsson boðaði forföll. Gestur fundarins undir lið 3 var Alexandra Kjeld, frá EFLU verkfræðistofu.

Aldursforseti fundarins, Finnbogi Leifsson setti fund.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Kosning formanns og varaformanns.

Gerð var tillaga um Kristinn Jónasson sem formann og Arnheiður Hjörleifsdóttir sem varaformann. Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð síðasta fundar.

a. 23. febrúar 2018

Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar sem var samþykkt. Einnig lögð fram fundargerð aðalfundar frá 19. mars 2018 til kynningar

Alexandra Kjeld kom inn á fundinn.

Formaður bauð hana velkomna og hóf hún kynningu sína:

3. Sumarmælingar DTU 2017 og oxun metans í yfirborðslagi

Alexandra Kjeld, verkfræðingur hjá Eflu sagði frá sumarmælingum starfsmanna DTU í Danmörku. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur styrkt þetta verkefni og er endanlegra skýrslu að vænta undir haustið. Einnig fór hún yfir verkefnið sem hún hefur starfað að í nokkur ár „oxun í yfirborðslagi“ Rætt var um hugsanleg umhverfisáhrif þessara verkefna m.t.t. losunar metangass frá urðunarstöðum á Íslandi. Alexandra sagði frá því hvað Danir væru að gera til að hefta uppstreymi metans á urðunarstöðum en þar hafa þessi verkefni verið styrkt af Danska ríkinu. Samþykkt að veita 500.000 kr. til verkefnisins, eða samkvæmt framlagðri kostnaðaráætlun.

Fundarmenn þökkðu Alexöndru fyrir áhugaverða framsögu og upplýsingar. Rætt um sameiginlegan fund stjórna urðunarstaða, í haust þar sem verkefnið frá DTU fær ítarlegri kynningu.

4. Rekstur í Fíflholtum

a. Gasmál og yfirlag urðunarreinar

Framkvæmdastjóri sagði frá því að búið er að bora í urðunarreinina gasrör vegna söfnunar metangass. Kyndill, sem á að brenna gasinu, er kominn í Fíflholt. Kyndillinn er keyptur í Bretlandi og munu fulltrúar frá fyrirtækinu Landfill System koma og tengja hann þegar þar að kemur. Talsvert magn

jarðvegs verður að keyra yfir urðunarreinina áður en gassöfnun hefst. Farið var yfir verklag sem búið er að leggja drög að með starfsmönnum í Fíflholtum.

b. Fundur með ReSource 1. júní sl.

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir fund með sérfræðingum frá ReSource þar sem rætt var um hvernig best mætti standa að því að keyra efni yfir urðunarrein fjögur í yfirlag vegna gassöfnunarkerfis.

c. Magn úrgangs og þróun

Framkvæmdastjóri fór yfir magntölur úrgangs árið 2016-2017 og það sem af er ári 2018.

d. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri fór yfir starfsmannamál en nýr starfsmaður hóf störf þann 1. apríl sl. Framkvæmdastjóra falið að fara yfir aðbúnað í starfsmannaaðstöðu í Fíflholtum.

5. Eftirlit UST í Fíflholtum 5.6.2018

a. Stækkun starfsleyfis.

Magn til urðunar hefur aukist verulega og skoða verður með stækkun starfsleyfis þar sem frávik verða skráð af hendi Umhverfisstofnunar ef farið er yfir leyfileg mörk. Ekki verður betur séð en magn úrgangs til urðunar fari yfir 15.000 tonn á árinu. Rætt um að óska eftir breytingu á starfsleyfi og hækka leyfilegt magn til urðunar. Rætt um óæskilega aukningu. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að skoða með möguleika á breytingu á starfsleyfi.

Ásta Kristín vakti máls á lið 2.9 í starfsleyfi þar sem kveðið er á um það að „rekstraradili skuli stuðla að endurnotkun og -nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórna”. Rætt var um það hvernig Sorpurðun Vesturlands hf. getur beitt sér í því að draga úr magni til urðunar. Ljóst er söfnun úrgangs og flokkun er á ábyrgð sveitarfélaganna og var rætt um að vekja athygli á því til þeirra hvað magnið vex gríðarlega. Framkvæmdastjóra falið að skrifa bréf til sveitarfélaga og vekja athygli á málinu.

6. Samráðsnefnd og viljayfirlýsing

a. Sameiginlegur fundur með stjórnnum.

Viljayfirlýsing sorpsamlaganna á SV-horni landsins var undirrituð 26. apríl sl. lögð fram til kynningar

7. Önnur mál.

a. Gagnasöfnun. Magn úrgangs árið 2017 frá sveitarfélögum í tengslum við endurskoðun svæðisáætlunar.

Unnið hefur verið að því að fá sendar upplýsingar um magn úrgangs hjá sveitarfélögum. Framkvæmdastjóri greindi frá því að það verkefni gengi sem skyldi.

b. Tilnefning fulltrúa í samráðshóp – staðan

Skipað hefur verið í samráðshóp sem á að tengjast vinnu að endurskoðun svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Flest sveitarfélög hafa tilnefnt fulltrúa.

c. Erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi.

Lagt fram erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi um að fá að koma með úrgang til urðunar í Fíflholt. Erindið rætt. Framkvæmdastjóra falið að kanna málið betur.

d. Refaveiðar.

Rætt um refaveiðar í nágrenni Fíflholta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:15.
HBJ